

SAMANTEKT

Samantekt þessi er útbúin í samræmi við 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/1129 og 6. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/979.

A. Inngangur með varnarorðum

Samantektin skal lesin sem inngangur að lýsingu IS Fyrirtækjalánasjóðs hs. (hér eftir „**útgefandi**“ eða „**sjóðurinn**“) sem samanstendur af samantekt þessari, útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu dagsettu 28. október 2024 (hér eftir „**lýsingin**“).

Fjárfestar skulu taka ákvörðun um að fjárfesta í verðbréfum útgefnum af sjóðinum á grundvelli lýsingarinnar í heild sinni. Fjárfestum er bent á að gera eigin sjálfstæðar kannanir á þeim þáttum sem sérstaklega geta átt við fjárfestingar þeirra í verðbréfum. Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í verðbréfum á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á verðbréfum útgefanda sem fjárfestingakosti. Fjárfestum er bent á að þeir gætu tapað allri eða hluta af fjárfestingu sinni í verðbréfum útgefanda. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem fjárfesting í verðbréfum útgefnum af útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. var ráðin af útgefanda til þess að hafa umsjón með töku skuldabréfanna til viðskipta á skipulegum markaði og fékk fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. greidda þóknun fyrir þá þjónustu frá útgefanda. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér hugsanlega hagsmunaáreikstra umsjónaraðila við útgefanda. Ef farið er fyrir dómstóla með kröfu sem varðar upplýsingar í lýsingunni gæti fjárfestir sem stefnir þurft að greiða kostnað af þýðingu á lýsingunni áður en málarekstur hefst. Einkaréttarábyrgð fellur eingöngu á þá aðila sem útbúið hafa samantektina en eingöngu ef hún er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, þegar hún er lesin með öðrum hlutum lýsingarinnar, lykilupplýsingar til að aðstoða fjárfesta við mat á því hvort fjárfesta skuli í viðkomandi skuldabréfum. Útgefandi lýsir því yfir að lýsing sú sem samantekt þessi er hluti af var tekin saman í tengslum við töku skuldabréfa útgefanda til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland. Ekki er veitt leyfi til notkunar lýsingarinnar í neinum öðrum tilgangi.

Lögformlegt heiti/viðskiptaheiti:	IS Fyrirtækjalánasjóður hs.
Höfuðstöðvar og heimilisfang:	Hagasmári 3, 201 Kópavogi, Ísland.
Vefsíða:	https://www.islandssjodir.is/serhaefdar-fjarfestingar/is-fyrirtaekjalanasjodur/
Símanúmer:	440 4950
Heiti verðbréfanna:	IS FYR 24 1
ISIN-númer verðbréfanna:	IS0000036333
LEI númer:	549300UXLM14E9V72L35
Lögbært yfirvald sem staðfesti lýsinguna:	Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík. Netfang: lysingar@sedlabanki.is
Lýsing dagsett:	28. október 2024

B. Lykilupplýsingar um útgefandann

Hver er útgefandi verðbréfanna?

Útgefandinn, IS Fyrirtækjalánasjóður hs., kt. 650821-9630, var stofnaður í ágúst 2021 og hóf fjárfestingastarfsemi í mars 2022. Sjóðurinn er rekinn í forni hlutdeildarsjóðs, sbr. IX kafla laga nr. 45/2020, og starfar í einni sjóðsdeild. Sjóðurinn hefur staðfestu á Íslandi. Um sjóðinn gilda íslensk lög og er varnarþing sjóðsins í Reykjavík. Sjóðurinn starfar samkvæmt reglum sem samþykktar voru af stjórn rekstraraðila sjóðsins, Íslandssjóðum hf. (hér eftir „Íslandssjóðir“), þann 19. ágúst 2021, með síðari breytingum.

Tilgangur með rekstri sjóðsins er að veita viðtöku fé frá fagfjárfestum og viðurkenndum gagnaðilum til sameiginlegrar fjárfestingar og ávaxta þá fjármuni með fjárfestingum samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins. Á fjárfestingartímabili sjóðsins fjármagnaði hann sig með útgáfu hlutdeildarskírteina. Hlutdeildarskírteini voru seld í forni skuldbindandi áskriftarloforða sem dregið var á vegna fjárfestinga sjóðsins. Að loknu fjárfestingartímabili sjóðsins gaf hann út skuldabréfaflokkinn IS FYR 24 1 („IS FYR 24 1“, „skuldabréfin“, „flokkurinn“ eða „skuldabréfaflokkurinn“) til að fjármagna fjárfestingar sjóðsins og innleysa að mestu leyti hlutdeildarskírteini fjárfesta. Daglegur rekstur er lítil umsvifum og samkvæmt 70. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða fara Íslandssjóðir með stjórn og stýra daglegum rekstri sjóðsins. Í rekstri útgefanda felst m.a. lausafjárstýring, eignastýring, áhættustýring og ýmis umsýsluverkefni. Íslandssjóðir koma fram fyrir hönd útgefanda.

Framkvæmdastjóri rekstraraðila er Kjartan Smári Höskuldsson. Sjóðstjórar útgefanda eru Gísli Elvar Halldórsson og Brynjólfur Stefánsson. Endurskoðendur útgefanda á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til í lýsingu þessari var Ernst & Young hf., kt. 520902-2010, Borgartúni 30, 105 Reykjavík, sem sameinaðist Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Dalvegi 30, 201 Kópavogi, í desember 2023 og fyrir þeirra hönd Geir Steindórsson, kt. 110684-2909, meðlimur í Félagi löggiltra endurskoðanda. KPMG ehf. var kjörið endurskoðunarfélag Íslandssjóða, og þar af leiðandi sjóðsins, á aðalfundi Íslandssjóða 12. apríl 2024. KPMG ehf. mun sjá um endurskoðun sjóðsins fyrir rekstrarárið 2024.

Helstu fjárhagsupplýsingar útgefanda

	Árið 2023	Árið 2022
Hreinn hagnaður eða tap	799	139

Fjárhæðir eru í milljónum króna

	Árið 2023	Árið 2022
Heildareignir	10.727	4.857
Heildarskuldbindingar	10.727	4.857
Fjáreignir gefnar upp á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	0	0
Eignir sem eru ekki fjáreignir ef þær eru mikilvægar fyrir starfsemi einingarinnar	0	0
Fjárskuldbindingar gefnar upp á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	0	0
Afleiddar fjáreignir	0	0
Afleiddar fjárskuldbindingar	0	0

Fjárhæðir eru í milljónum króna

Á árinu 2024 var skuldabréfaflokkurinn gefinn út og hlutdeildarskírteini að fjárhæð kr. 10.294.202.083 innleyst. Að öðru leyti hafa engar mikilvægar breytingar orðið á fjárhags- eða viðskiptastöðu útgefanda frá lokum síðasta fjárhagstímabils þann 31. desember 2023.

Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir útgefandann

Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á að mótaðilar standi ekki í skilum eða hæfni þeirra til að standa við skuldbindingar versni verulega. Standi mótaðilar ekki við skuldbindingar sínar gagnvart útgefanda hefur það áhrif á tekjur hans og þar með getu hans til að standa skil á greiðslum á skuldabréfafloknum IS FYR 24 1. Greiðslugeta útgefanda er því háð greiðslugetu mótaðila. Mótaðilaáhætta ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra mótaðila, auk stöðu þeirra atvinnugreina sem stærstu viðskiptavinir mótaðila starfa í. Standi útgefandi ekki við skuldbindingar sínar getur það valdið skuldabréfaeigendum fjárhagslegu tjóni. Mótaðilar útgefanda eru bæði fáir og stórir og hefur því hver og einn hlutfallslega mikil áhrif á útgefanda. Sem dæmi má nefna að ef einn aðili stendur ekki í skilum á greiðslum til útgefanda þyrfti að grípa til aðgerða svo unnt sé að tryggja greiðslur til skuldabréfaeiganda IS FYR 24 1. Meðal aðgerða sem útgefandi getur nýtt sér eru skilmálabreytingar skuldaskjala sem fjárfestingaráð útgefanda getur heimilað. Skilmálabreyting getur t.d. falist í því að veita mótaðila greiðslufrest á afborgunum, vöxtum eða hvoru tveggja.

Áhætta tengd efnahagsumhverfi á Íslandi og ytri þættir

Almennir efnahagslegir þættir, svo sem hagvöxtur, verðbólga, vaxtastig, atvinnustig og kaupmáttur, hefur áhrif á fjárhagsstöðu fyrirtækja á Íslandi. Starfsemi IS Fyrirtækjalánasjóðs hs. er umfangslítill og afmarkast af fjárfestingum í samræmi við fjárfestingarheimildir sjóðsins og utanumhald eigna, svo þær standi undir skuldbindingum sínum. Áhættur í efnahagsumhverfi útgefanda eru að mestu óbeinar og snúa aðallega að þeim áhrifum sem mótaðilar í fjárfestingum verða fyrir. Í tilviki efnahagslegrar niðursveiflu hérlendis gætu myndast aðstæður þar sem tekjur mótaðila drægjust saman og hefðu neikvæð áhrif á greiðslugetu hans og þ.a.l. útgefanda að standa við greiðslur af útgæfum skuldabréfaflokki IS FYR 24 1. Hærra vaxtastig gerir skuldsettum fyrirtækjum erfiðara fyrir þar sem að vaxtagreiðslur hækka. Við aukna verðbólgu gætu áhrif á mótaðila verið neikvæð þar sem höfuðstóll skuldar hans við útgefanda vex með aukinni verðbólgu sem rýrir að öðru jöfnu eigið fé hans.

Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Útgefandi ber einn ábyrgð á fjárskuldbindingum sínum með þeim eignum sem honum tilheyra. Lausafjárahættan er hættan á því að útgefandi geti ekki staðið við fjárskuldbindingar sínar á gjalddaga. Fjárskuldbinding útgefanda er vegna skuldabréfaútgáfu hans og eignum er ætlað að mæta greiðsluflæði af skuldabréfunum. Endurgreiðsla skuldabréfanna er háð því að mótaðilar standi við skuldbindingar sínar gagnvart útgefanda samkvæmt lánsamningum sem útgefandi hefur fjárfest í. Fjárfestingar útgefanda skila reglulegum vaxtagreiðslum og afborgunum sem ætlað er að mæta greiðsluflæði skuldabréfsins IS FYR 24 1 þar sem vextir greiðast á þriggja mánaða fresti til lokagjalddaga.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta felst í þeirri áhættu sem ekki er hægt að eyða með dreifðu eignasafni fjármálagerninga og annarra eigna, þ.e. að verð fjármálagerninga sveiflist almennt á markaði, ávöxtunarkrafa markaðarins sveiflist

almennt eða ávöxtunarkrafa til einstakra flokka fjármálagerninga sveiflist. Útgefanda er heimilt að fjárfesta í peningamarkaðsgerningum, innlánnum eða hlutdeildarskírteinum sjóða (lausafjár sjóða) sem fjárfesta að meirihluta í slíkum eignum, í þeim tilgangi að ávaxta laust fé útgefanda. Ávöxtunarkrafa getur hækkað eða lækkað með markaðsaðstæðum í hagkerfinu almennt og þar með haft áhrif á markaðsvirði eigna sjóðsins. Ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði fjármálagerninganna og öfugt. Mögulegt er að flökt verði á verðlagningu ákveðins hluta markaðarins, til dæmis ávöxtunarkröfu til verðbréfa með veði í fasteignum. Að sama skapi getur ávöxtunarkrafa einstakra skuldabréfaflokka sveiflast.

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta getur falist í því að vaxtabreytingar hafi mismunandi áhrif á eignir og skuldir. Samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins fjárfestir hann með það að markmiði að greiðsluflæði fjárfestingaeigna hans geti á hverjum tíma mætt greiðsluskyldum sem sjóðurinn hefur undirgengist með útgáfu hlutdeildarskírteina og skuldabréfa. Eignasafn sjóðsins samanstendur af lánasafni af vaxtaberandi kröfum sem mynda vaxtamun sem skilar ávöxtun á fjármunum sjóðsins. Vaxtaberandi skuldir útgefanda eru vegna skuldabréfaútgáfu hans, og bera vexti sem breytast í samræmi við breytingar á vöxtum vaxtaberandi eigna útgefanda. Vaxtaáhætta er því takmörkuð.

Rekstraráhætta

Áhætta í rekstri sjóðsins liggur fyrst og fremst í því að fylgja fyrirbyggjandi stefnu um lausafjárstýringu útgefanda og tryggja greiðsluflæði skuldabréfanna. Sé lausafjárstýring ekki með þeim hætti getur það komið niður á getu útgefanda til að mæta skuldbindingum sínum. Daglegur rekstur útgefanda er í höndum Íslandssjóða sem rekstraraðila og eru umsvifin fremur lítil. Útgefandi býr við áhættu vegna mismunandi þátta í rekstri þess sem geta leitt til beins eða óbeins taps. Þessir þættir varða útvistunar-, upplýsingakerfis-, stjórnunar- og starfsmannaáhættu. Ársreikningar- og árshlutareikningar IS Fyrirtækjalánasjóðs hs. eru gerðir í samræmi við lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, lög um ársreikninga eftir því sem við á og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða, og eru gerðir í íslenskum krónum. Breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða túlkunum á þeim geta haft áhrif á framsetningu árs- og árshlutareikninga útgefanda í framtíðinni.

C. Lykilupplýsingar um verðbréfin

Helstu eiginleikar verðbréfanna

Verðbréfin eru skuldabréf og eru rafrænt skráð hjá Verðbréfamiðstöð Íslands með ISIN númerið IS0000036333. Útgáfudagur skuldabréfanna var þann 2. maí 2024 og er lokagjalddagi þess 22. febrúar 2031. Útgáfan er í íslenskum krónum og nam kr. 11.542.888.796 og er nafnverð hvers bréfs kr. 1. Hlutdeildarskírteini að fjárhæð kr. 10.294.202.083 voru innleyst gegn afhendingu á samsvarandi hlutdeild í skuldabréfunum. Skuldabréfin eru nafnbref, rafrænt skráð hjá Verðbréfamiðstöð Íslands, Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík. Sala og afhending fór eingöngu fram í skiptum fyrir hlutdeildarskírteini í útgefanda. Hægt verður að eiga viðskipti með skuldabréfin á eftirmarkaði á líftíma bréfanna og engar takmarkanir eru gerðar á framsali skuldabréfanna að því undanskildu að framsal skal gert til nafngreinds aðila.

Skuldabréfin ber að greiða með einni greiðslu á lokagjalddaga. Útgefanda er heimilt að greiða umframgreiðslur inn á höfuðstól skuldabréfanna á líftíma þess án uppgreiðslugjalds. Í samræmi við skilmála

skuldabréfanna mun allt fjárflæði eigna renna til skuldabréfaeigenda að frádregnum opinberum gjöldum og rekstrarkostnaði útgefanda (þ.m.t. þóknun útgefanda) og að teknu tilliti til hugsanlegra endurfjárfestinga í samræmi við reglur útgefanda..

Vextir eru breytilegir óverðtryggðir vextir sem breytast í samræmi við breytingar á vöxtum undirliggjandi eigna útgefanda, þ.e. lánsamninga við mótaðila. Fimm dögum fyrir upphaf hvers vaxtatímabils eru vextir ákvarðaðir út frá áætluðum greiddum vöxtum undirliggjandi eigna útgefanda á því tímabili, að frádregnum kostnaði útgefanda í samræmi við reglur hans, og tilkynntir skuldabréfaeigendum. Gjald dagar vaxta eru fjórum (4) sinnum á ári, sá fyrsti þann 22. maí 2024, og á þriggja mánaða fresti þar á eftir. Allt fjárflæði eigna útgefanda mun renna til skuldabréfaeiganda samkvæmt skilmálum útgáfunnar, að frádregnum opinberum gjöldum og rekstrarkostnaði útgefanda og að teknu tilliti til hugsanlegra endurfjárfestinga í samræmi við reglur útgefanda.

Greiði útgefandi ekki á gjalddaga skuldabréfanna, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannanlegum hætti staðfestingu á eign sinni á VS reikningi hjá reikningsstofnun, er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti, af gjaldfallinni eða gjaldfældri upphæð, í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag, sbr. 1. mgr. 6. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Undantekning er ef gjalddagi skuldabréfanna er ekki bankadagur og útgefandi greiðir á næsta bankadegi þar á eftir, en þá reiknast ekki dráttarvextir.

Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi 30 dögum eftir gjalddaga er skuldabréfaeiganda heimilt að gjaldfella útistandandi höfuðstól skuldabréfanna eins og hann er hverju sinni.

Ef fjárnám verður gert hjá útgefanda, komi fram ósk um gjaldprotaskipti á búi útgefanda, ef útgefandi leitar nauðasamninga, eignir útgefanda eru auglýstar á nauðungaruppbóði, eða ef eignir útgefanda eru kyrrsettar sem hluti af fullnustuaðgerðum kröfuhafa, er skuldabréfaeigendum heimilt að fella allar eftirstöðvar skuldabréfanna í gjalddaga. Kröfur samkvæmt skuldabréfunum sem og kröfur útgefanda við lántaka standa ávallt jafnar og óheimilt er að inna af hendi greiðslu til eins eða fleiri skuldabréfaeiganda nema að sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeigendanna. Skuldabréfin fela ekki í sér bein veð heldur standa allar eignir útgefanda til tryggingar á greiðslu þeirra. Við gjaldprot eða slit útgefanda stendur krafa um greiðslu á undan almennum og víkjandi kröfum.

Hvar munu viðskipti með verðbréfin fara fram?

Óskað verður eftir töku skuldabréfanna til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland.

Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir verðbréfin

Almenn áhætta skuldabréfa

Skuldabréf bera markaðsáhættu sem felst í því að virði þeirra getur sveiflast samhliða hreyfingum á ávöxtunarkröfu skuldabréfa á mörkuðum. Ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði bréfanna og á hinn bóginn ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði bréfanna. Margvísleg atriði geta orðið til þess að breytingar verða á mörkuðum með fjármálagerninga og þá á verði skuldabréfanna, s.s. almennt efnahagsástand, breytingar á vaxtastigi, lagabreytingar, ófyrirséðir atburðir eða áföll. Slíkir atburðir eru utan áhrifsviðs útgefanda.

Mótaðila- og útlánaáhætta

Mótaðilaáhætta fjárfesta vegna skuldabréfanna felst í því að útgefandi standi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skuldabréfunum. Standi mótaðilar útgefanda ekki við skuldbindingar sínar gagnvart útgefanda hefur það áhrif á tekjur útgefanda og þar af leiðandi getu hans til þess að standa skil á greiðslum samkvæmt skilmálum skuldabréfanna. Endurgreiðsla skuldabréfanna er háð því að mótaðili standi við skuldbindingar sínar gagnvart útgefanda. Skuldabréfin fela ekki í sér bein veð heldur standa allar eignir útgefanda til tryggingar á greiðslu þeirra og er eignum útgefanda ætlað að mæta greiðsluflæði skuldabréfanna. Þrátt fyrir það getur útgefandi orðið fyrir tapi af hálfu mótaðila.

Endurgreiðslu- og lausafjáráhætta

Útgefandi skuldbindur sig til að endurgreiða skuldabréfin á lokagjaldþingum og vexti ársfjórðungslega í samræmi við skilmála bréfsins með tekjum sínum. Lausafjáráhættan felst í því að útgefandi eigi ekki nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum samkvæmt skuldabréfunum á vaxtagjaldþingum og á lokagjaldþingum. Útgefandi fjármagnar skuldbindingar sínar með tekjum af eignum sínum sem eru helst útlán til fyrirtækja. Ef tekjur útgefanda af slíkum fjárfestingum verða minni eða þær tapast að hluta eða heild hefur það neikvæð áhrif á getu útgefanda til þess að mæta skuldbindingum sínum samkvæmt skilmálum skuldabréfsins. Til að draga úr slíkri áhættu hefur útgefandi samþykkt skilmála vegna skuldabréfaflokksins sem ætlað er að bæta réttarstöðu skuldabréfaeigenda gagnvart útgefanda, einkum gjaldfellingarheimildir skuldabréfaeigenda.

Vaxta- og fjármögnunaráhætta

Skuldabréfaflokkurinn er gefinn út til tæpra 7 ára með breytilegum óverðtryggðum vöxtum sem breytast í samræmi við breytingar á vöxtum undirliggjandi eigna útgefanda. Vextir af undirliggjandi eignum samanstanda að jafnaði að breytilegum vaxtagrunni að viðbættu vaxtaálagi eða að frádregnu frádragi. Breytingar á íslensku vaxtaumhverfi sem leiða til breytingar á vaxtagrunni viðkomandi lána mun hafa áhrif á vaxtakjör lánanna. Lækkun vaxtagrunns getur því leitt til lækkunar vaxtatekna sjóðsins og vaxtagreiðslna skuldabréfanna. Vaxtaáhætta getur því leitt til taps á virði vegna hreyfingu vaxtaferla.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta skuldabréfanna felst í þeirri áhættu sem ekki er hægt að eyða með dreifðu eignasafni skuldabréfa, þ.e. að verð skuldabréfa sveiflist almennt á markaði, ávöxtunarkrafa markaðarins sveiflist almennt eða ávöxtunarkrafa til einstakra flokka skuldabréfa sveiflist. Ef ávöxtunarkrafa markaðarins hækkar þá lækkar virði skuldabréfanna og ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði skuldabréfanna.

Seljanleikaáhætta

Þrátt fyrir að sótt verði um töku skuldabréfanna til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland er ekki hægt að ábyrgjast að skilvirkur markaður myndist með skuldabréfin. Þannig getur sú staða komið upp að fjárfestar geta ekki selt skuldabréfin þegar þeir vilja selja eða selt á því verði sem væntingar þeirra standa til þar sem framboð skuldabréfanna er meira en svo að markaðurinn taki við sölutilboðum á uppsettu verði. Ekki er fyrirhugað að halda úti viðskiptavakt með skuldabréfin.

Áhætta vegna skilmálabreytinga

Breytingar á skilmálum skuldabréfanna eru háðar samþykki aukins meirihluta eigenda skuldabréfanna miðað við fjárhæð (66,67%). Engar takmarkanir eru á því hvaða skilmálum er heimilt að breyta. Þar sem ekki þarf samþykki allra eigenda skuldabréfanna fyrir skilmálabreytingum er sú hætta fyrir hendi að skilmálabreyting verði samþykkt þrátt fyrir að 33,33% eigenda skuldabréfanna, miðað við fjárhæð, hafi metið skilmálabreytinguna sem verri kost fyrir sig.

D. Lykilupplýsingar um töku til viðskipta á skipulegum markaði

Samkvæmt hvaða skilyrðum og tímaáætlun get ég fjárfest í þessu verðbréfi?

Sótt verður um töku skuldabréfaflokksins til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland. Útgefin og seld skuldabréf í flokknum eru að fjárhæð kr. 11.542.888.796 og er heimild til útgáfu fullnýtt. Nasdaq Iceland mun tilkynna opinberlega þegar skuldabréfin verða tekin til viðskipta og hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur með bréfin á markaðinum verður. Tilkynning Nasdaq Iceland verður gerð með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Hvers vegna er þessi lýsing gerð?

Lýsing þessi er gerð í tengslum við umsókn IS Fyrirtækjalánasjóðs hs. um töku skuldabréfaflokksins IS fyrirtækjalánasjóðs 1 til viðskipta á skipulögðum markaði Nasdaq Iceland. Söluandvirði skuldabréfanna er kr. 11.542.888.796 við útgáfu þeirra og var andvirðinu ráðstafað til innlausnar á hlutdeildarskírteinum í sjóðnum. Áætlaður heildarkostnaður í tengslum við töku skuldabréfanna til viðskipta er um kr. 5.600.000 og greiðist af útgefanda. Athygli fjárfesta er vakin á hagsmunum útgefanda, Íslandssjóða og Íslandsbanka hf. vegna töku skuldabréfanna til viðskipta á skipulögðum markaði Nasdaq Iceland.

- Íslandsbanki hf. er eigandi Íslandssjóða hf., rekstraraðila sérhæfða sjóðsins IS Fyrirtækjalánasjóðs hs., sem er útgefandi skuldabréfaflokksins IS FYR 24 1 sem lýsing þessi fjallar um. Sjóðstjórar útgefanda eru jafnframt starfsmenn Íslandssjóða. Íslandsbanki, sem umsýsluaðili lánsamninga, hefur umsjón með útreikningi og framkvæmd greiðslna útgefanda samkvæmt ákvæðum skuldabréfanna.
- Íslandsbanki hf. er vörsluaðili útgefandans sbr. IV. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og annast einnig tiltekin verkefni fyrir Íslandssjóði samkvæmt sérstökum útvistunarsamningum. Íslandsbanki annast greiðslur útgefandans til skuldabréfaeigenda skv. skilmálum skuldabréfanna sem lýsing þessi tekur til. Íslandsbanki fær greidda þóknun frá Íslandssjóðum vegna útvistaðra verkefna og eins fyrir að sinna hlutverki vörsluaðila samkvæmt vörslusamningi aðila.
- Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hefur verið ráðgjafi Íslandssjóða við gerð lýsingarinnar ásamt því að hafa umsjón með töku skuldabréfanna til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka þiggur þóknun fyrir störf sín fyrir útgefanda.
- Íslandsbanki er viðskiptabanki útgefanda.
- Íslandssjóðir hljóta umsýsluþóknun fyrir rekstur sjóðsins.
- Allar lánveitingar sjóðsins hafa verið gerðar þar sem Íslandsbanki er meðlánveitandi sjóðsins í hverri lánveitingu.